

Líffræði (LÍF2B06) Háskólabrú

Áfangalýsing

Nemendur kynnast lífeðlisfræði mannsins og þeim líffærakerfum sem koma við sögu. Farið verður yfir byggingu og starfsemi þekjakerfis, beinakerfis, vöðvakerfis, taugakerfis og innkirtlakerfis. Einnig verða tekin fyrir hjarta- og blóðrásarkerfi, öndunarkerfi, meltingarkerfi, þvagkerfi, vökva- og saltvægi, kynkerfi, æxlun og fósturþroski.

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið við líffræði 1 (LÍF2B06).

Þrep

Áfanginn er á 2. þrepi.

Einingafjöldi

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á eftirfarandi hugtökum:

- Skipulag mannslíkamans, vefir, þekjakerfi, beinakerfi, liðir, nöfn og starfsemi vöðva, taugastarfsemi, taugakerfi, skynjun, innkirtlar.
- Blóð, blóðflokkar, blóðstorknun, hjarta, hjartsláttur, blóðæðar, blóðþrýstingur, hringrásarkerfi, vessi, vessalíffæri, varnarkerfi, ónæmi, öndunarkerfi, öndun, meltingarkerfi, melting, þvagkerfi, þvagmyndun, vökva-saltvægi, æxlunarkerfi, fósturþroski

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tengja saman líffærakerfin og hvernig þau vinna saman
- skrifa skýrslur í tengslum við verklegar æfingar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna sjálfstæð vinnubrögð og bera ábyrgð á eigin námsframvindu
- vinna í hóp m.a. til þess að auka skilning á námsefninu
- útskýra hvernig samspil líffæraakerfa er stjórnað og hvernig þau hafa áhrif hvert á annað

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum, verklegum æfingum og lokaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.